

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Hálsahreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 318.

23. desember 1968.

AUGLÝSING**um skipulag í Skorradalshreppi í Borgarfjarðarsýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Skorradalshrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagmálaráðuneytið, 23. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 319.

23. desember 1968.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 268 30. des. 1964, um fasteingaskatt í Reykjavík.**

1. gr.

Í stað orðanna: „með 100% álagi“ í 2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar komi „með 200% álagi.“

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1969 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagmálaráðuneytið, 23. desember 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.